

Gróðurfar við Bjarnarhól og Gásir í Eyjafirði

Sóley Jónasdóttir

Unnið fyrir Stuðul, Verk- og jarðfræðipjónustu

NÍ-02014

Akureyri, september 2002



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS



NÍReykjavík
Akureyri X

Skýrsla nr NÍ-02014	Dags, Mán, Ár September 2002	Dreifing Opin x Lokuð til mars 2003
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróðurfar við Bjarnarhól og Gásir		Upplag 25
		Fjöldi síðna 14
Höfundur Sóley Jónasdóttir		Verknúmer A 02 11 04 0
Unnið fyrir Stuðul, Verk- og jarðfræðiþjónustu		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur Fjallað er um gróðurfar á tveimur svæðum í Eyjafirði vegna hugsanlegrar nýtingar þeirra til sorpurðunar. Annars vegar á Bjarnarhóli í Arnarneshreppi og hins vegar á Gásum í Glæsibæjarhreppi. Skráðar voru þær tegundir háplantna sem fundust á hvoru svæði fyrir sig. Við Bjarnarhól fannst fágæt tegund Maríulykill (<i>Primula stricta</i>) en hún er flokkuð sem tegund í yfirvofandi útrýmingarhættu og er á válista.		
Lykilorð Eyjafjörður, Bjarnarhóll, Gásir, gróður, Maríulykill		Yfirfarið

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 GRÓÐURLÝSING	3
2.1 Bjarnarhóll	3
2.2 Gásir	4
3 SJALDGÆFAR TEGUNDIR OG TEGUNDIR Í ÚTRÝMINGARHÆTTU	4
3.1 Bjarnarhóll	4
3.2 Gásir	5
4 NIÐURSTÖÐUR OG VERNDARGILDI	5
4.1 Bjarnarhóll	5
4.2 Gásir	5
4 RITASKRÁ	6

MYNDIR OG TÖFLUR

Mynd 1. Kort af rannsóknarsvæðinu við Bjarnarhól	7
Mynd 2. Kort af rannsóknarsvæðinu við Gásir	8
Mynd 3. Útbreiðslukort Maríulykils	9
Tafla 1. Háplöntutegundir við Bjarnarhól	10
Tafla 2. Háplöntutegundir við Gásir	13

1 INNGANGUR

Þessi skýrsla er unnin af Náttúrufræðistofnun Íslands að beiðni Stuðuls, Verk- og jarðfræðiþjónustu og fjallar um gróðurfar á svæðinu sunnan Bjarnarhóls í Arnarneshreppi og á jörð Gása í Arnarneshreppi. Tilfnið er gagnaöflun vegna hugsanlegrar nýtingar svæðanna til sorpurðunar.

Vettvangsvinna vegna þessarar könnunar fór fram dagana 2. og 9. ágúst 2002 og var unnin af Sóleyju Jónasdóttur. Könnunin fór þannig fram að hvoru svæðinu fyrir sig var skipt niður í gróðurlendi og allar tegundir háplantna sem fundust á hverju gróðurlendi skráðar. Heildarlista yfir þær plöntutegundir sem fundust á svæðunum má finna í töflum 1 og 2, bls. 10 og 13. Elín Gunnlaugsdóttir, grasafræðingur var til ráðgjafar um gróðurkönnunina.

Áður hefur nágreppi Bjarnarhóls verið kannað vegna hugsanlegrar stóriðju við Dysnes (Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982) og vegna leitar að hugsanlegum sorpurðunarstað (Halldór G. Pétursson 1998, Starri Heiðmarsson og Halldór G. Pétursson 2000). Vísað er til þeirra skýrslna um almennar upplýsingar er varða náttúrufar og minjar á svæðinu.

2 GRÓÐURLÝSING

2.1 Bjarnarhóll

Svæðið sem hér er fjallað um liggur sunnan Hjalteyrarskóla og afmarkast af Bjarnarhóli í vestri og tóftum Mið-Bakka í austri (Mynd 1). Nyrðri og syðri hluti svæðisins ná að túnfæti jarðarinnar Ytri-Bakka í norðri og að syðsta túni jarðarinnar Syðri-Bakka í suðri.

Á miðju svæðinu er víðáttumikið mýrardrag sem nær að mörkum hugsanlegs urðunarsvæðis í norðri og suðri. Mýrarnar eru að stórum hluta fremur þurrar, með mýrastör, vetrarkvíðastör, fjalldrapa, túnvingli, engjarós og fjalldalafífla. Hér og þar eru þó blautari blettir með gulstör, hengistör, tjarnarstör, gulvíði, klófífu og hálmgresi.

Í jaðri mýrarinnar eru þráðsef, hrossanál, klóelfting, fjalldrapi, krækilyng auk víðitegunda, þær tegundir sem eru hvað mest áberandi.

Austan mýrarinnar fer land örllítið hækkandi upp á bungu eða ás, svonefndan Bakkaás, en lækkar þaðan aftur til austurs að þjóðvegi nr. 812.

Uppi á ásnnum er mela- og þurrlendisgróður, en bollar meðfram ásnnum eru sumir með nokkrum snjóðældablæ, með aðalbláberjalyngi, bláberjalyngi, finnungi og grámullu.

Á melkollum á Bakkaás er einkum að finna holtasóley, blóðberg, túnvingul, blávingul, blásveifgras, augnfró, móasef, þursaskegg og músareyra.

Á svæðinu vestanverðu, suðaustanverðu og í hlíðum Brekkuáss eru fjalldrapamóar með bláberjalyngi, krækilyngi, móasefi, vallhæru og víði. Á milli er nokkuð af blautum leirflögum með flagagróðri. Mikilvægustu tegundirnar þar eru flagahnoðri, flagasef, blómsef, blávingull, hárleggjastör, mýradúnurt, skammkrækill, lindasef og maríulykill. Næst þjóðvegi nr. 812, austarlega á svæðinu má einnig finna leirflög með maríulykli.

Við tóftir Mið-Bakka, sem eru austast á svæðinu miðju, eru snarrótarbrekkur með hálíngresi, ilmreyr, brennisóley, gleym-mér-ei, vallhumli, vallelftingu, hvítmöðru, gulmöðru og túnsúrum.

2.2 Gásir

Rannsóknarsvæðið sem um ræðir er skammt sunnan Hörgárósa í vestanverðum Eyjafirði (Mynd 2). Land jarðarinnar er lágt og flatt og liggur við sjóinn, sem afmarkar svæðið til austurs. Þjóðvegur nr. 816 afmarkar svæðið til vesturs.

Tegundalisti var gerður á þremur aðgreindum gróðurlendum, túnnum, mólendi við sjó og reski meðfram mörkum hugsanlegs áhrifasvæðis sorpurðunar.

Mögulegt urðunarsvæði er ræktuð tún með grastegundum eins og túnvingli, vallarfoxgrasi, vallarsveifgrasi, háliðagrasi, hálíngresi og snarrótarpunti. Skurðir eru í túnunum, grösugir en einnig með plöntutegundum eins og gulvíði, grávíði og loðvíði auk blómplantna eins og hófsóleyjar, lækjadeplu og mýradúnurtar.

Mólendi er meðfram svæðinu að austanverðu, við fjöruna og ofan hennar og því líklega inni á áhrifasvæði urðunarstaðarins. Þar eru brekkur með vallhumli, lokasjóði, vallhæru, gulmöðru, gleym-mér-ei, engjavendi, maríuvendi, hrossanál og þursaskeggi. Í fjörunni er fjöruarfi mest áberandi.

Í reski meðfram mörkum hugsanlegs áhrifasvæðis er fjölbreyttastur gróður. Þar er auk grasa, hlaðkolla, blóðarfi, hjartaarfi og haugarfi en einnig má finna vot svæði með engjarós, mýrelftingu, hrossanál, gulstör og klóffu.

3 SJALDGÆFAR TEGUNDIR OG TEGUNDIR Í ÚTRÝMINGARHÆTTU

3.1 Bjarnarhóll

Listi yfir allar tegundir háplantna og byrkninga sem sáust við þessa athugun er birtur í töflu 1 bls. 10. Þetta eru samtals 123 tegundir, og eru flest allar algengar um allt land. Lindasef, móastör og villilín eru þó dæmi um tegundir sem hafa takmarkaða útbreiðslu á landinu.

Mariúlykill er hins vegar sú tegund sem gefur svæðinu mikla sérstöðu. Þessi tegund er á válista og er flokkuð sem tegund í yfirvofandi útrýmingarhættu (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996). Mariúlykillinn er jurt sem eingöngu vex í rökum leirflögum, einkum þar sem jarðvegur er þunnur yfir klöppum, eða á svæðum sem eru nálægt eða innan áhrifasvæða mýra, oftast en ekki á mörkum mýra og mólendis. Hann finnst einungis á fáum stöðum í Eyjafirði (Mynd 3) og fáir plöntueinstaklingar eru á hverjum fundarstað. Lítið eitt hefur fundist af honum á Leifstaðabrúnum í Vaðlaheiði, gegnt Akureyri en þar er hann nú í hættu vegna ágangs byggðar. Nokkrir einstaklingar hafa fundist í Kjarnaskógi og í blautum flögum í Krossanesborgum. Á Eyjafjarðarsvæðinu er hins vegar mest af honum á mögulegu urðunarsvæði. Þar vex hann í blautum leirflögum inn á milli lynchpúfna í jaðri votlendisins, en auk þess má geta að rannsóknarsvæðið er tiltölulega ósnortið og eitt af fáum slíkum mólendissvæðum á láglandi, í nágrenni Akureyrar.

3.2 Gásir

Listi yfir allar tegundir háplantna og byrkninga sem sáust við þessa athugun er birtur í töflu 2. Þetta eru samtals 86 tegundir og eru allar algengar um allt land.

4 NIÐURSTÖÐUR OG VERNDARGILDI

4.1 Bjarnarhóll

Gróðurkönnun á því svæði sem fyrirhugað hefur verið sem sorpurðunarstaður, hefur leitt í ljós afar fjölskrúðuga háplöntuflóru og að mörg gróðurlendi koma saman á tiltölulega litlu svæði. Þar má finna mela, móa, mýrar, leirflög og grasbrekkur.

Flestallar plöntutegundirnar sem fundust eru algengar á landsvísu. Lindasef, móasef og villilín eru þó dæmi um tegundir með takmarkaða útbreiðslu á landsvísu.

Fágætasta tegundin og sú tegund sem gefur svæðinu mikla sérstöðu er maríulykill, planta sem er á valista og flokkuð sem tegund í yfirvofandi útrýmingarhættu. Maríulykillinn er fágæt planta sem vex einungis á nokkrum stöðum í Eyjafirði og fáir plöntueinstaklingar eru á hverjum fundarstað. Langsamlega mest er af honum við Bjarnarhól eða á því svæði sem fyrirhugað er að urða sorp.

Hætta er á að nauðsynleg framræsla mýra vegna hugsanlegrar sorpurðunar geti breytt aðstæðum á þessum svæðum og ógnað þannig tilvist maríulykilsins.

Með tilliti til gróðurs er því verndargildi rannsóknarsvæðisins og næsta nágretnis mjög hátt þar sem það hefur þá eiginleika til að bera sem þarf til að fóstta maríulykilinn.

4.2 Gásir

Svæðið sem hugsað er sem urðunarstaður er tiltölulega lítið og mjög áberandi þar sem það liggur nánast við þjóðveg nr. 816. Það samanstendur af ræktuðum túnnum og høgum sem hafa í sjálfu sér frekar lítið náttúruverndargildi. Í gróðri í mólendi á svæðinu austanverðu og í reski meðfram fyrirhuguðu urðunarsvæði fundust hvorki sjaldgæfar né sérstakar tegundir.

Alls fundust 86 tegundir plantna, allar algengar á landsvísu.

Með tilliti til gróðurs er því verndargildi rannsóknarsvæðisins svipað og verndargildi annars ræktað lands.

Þess má þó geta að við Gæsaeyri í landi Gása eru friðlýstar fornminjar og eru uppi ýmsar hugmyndir um nýtingu þess, m.a. til ferðamennsku. Innan landareignarinnar, skammt norðan fyrirhugaðrar sorpurðunar er því svæði með hátt verndargildi.

5 RITASKRÁ

Bergþór Jóhannsson, 1989: Íslenskir undafíflar (III). Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 10. 262 bls.

Halldór G. Pétursson, 1998: Hugsanlegir sorpurðunarstaðir í nágrenni Akureyrar, NÍ-98008. 11 bls.


Helgi Hallgrímsson (ritstj.), Þóroddur F. Þóroddsson, Þórir Haraldsson, Kristín Aðalsteinsdóttir og Hálfván Björnsson, 1982: Vesturströnd Eyjafjarðar. Náttúrufræði og minjar. Náttúrugripasafnið á Akureyri. 231 bls.

Hörður Kristinsson, 1986: Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Örn og Örlygur, Reykjavík. 304 bls.


Hörður Kristinsson, 1998: Drög að útbreiðslukortum íslenskra blómplantna og byrkninga, handrit. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetur. 63 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996: Válisti 1. Plöntur. 82 bls.


Starri Heiðmarsson og Halldór G. Pétursson, 2000: Gróðurfar og jarðfræði í landi Hellu, Skriðulands og Samkomugerðis í Eyjafirði. NÍ-00013. 23 bls.



Mynd 1. Kort af svæðinu við Bjarnahól í Arnarneshreppi. Hugsanlegur urðunarstaður er afmarkaður með strikalinu.



Mynd 2. Kort af svæðinu við Gásir í Glæsibæjarhreppi. Hugsanlegur urðunarstaður er afmarkaður með strikalínu.



Mynd 3. Útbreiðslukort Maríulykils (*Primula stricta*) á Íslandi.

Tafla 1. Listi yfir plöntur skráðar á svæðinu austan Bjarnarhóls

Skýringar á dálkum: 1 Mýri. 2 Blaut leirflög. 3 Grasbrekkur. 4 Móar. 5 Melar.

Íslensk heiti	Latnesk heiti	1	2	3	4	5
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>	x				
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>		x			x
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	x	x	x	x	x
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>				x	
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	x		x	x	
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>					x
Birki	<i>Betula pubescens</i>			x	x	
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	x		x	x	x
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>	x		x	x	
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>					x
Blátoppastör	<i>Carex curta</i>	x				
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>		x	x	x	x
Blóðberg	<i>Thymus praecox ssp. Arcticus</i>		x	x	x	x
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>		x			
Brekumaríustakkur	<i>Alchemilla glabra</i>			x		x
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	x		x	x	
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	x	x	x	x	
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>			x		x
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>			x		x
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>	x				
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>			x	x	
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>					x
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>					x
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>					x
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>					x
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>	x			x	
Fjaldalafífill	<i>Geum rivale</i>	x				
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	x	x	x	x	x
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>		x			
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>		x			
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>		x			
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	x	x		x	
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>				x	
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>			x		
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>			x	x	
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>			x		
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>				x	x
Grávorbóm	<i>Draba incana</i>				x	x
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>	x				
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	x		x	x	
Gulstör	<i>Carex lyngbei</i>	x				
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>	x				
Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>			x	x	
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>	x		x		

Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>		X				
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>	X					
Hjónagras	<i>Pseudorchis albida</i>					X	
Hnappstör	<i>Carex capitata</i>					X	
Hnúskakrækili	<i>Sagina nodosa</i>		X				
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>					X	X
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>	X					
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>	X					
Hrossanál	<i>Juncus arcticus ssp. Intermedius</i>	X				X	
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>	X					
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>		X			X	
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>		X	X	X	X	X
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>				X	X	
Ílmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>				X	X	
Íslandsfífill	<i>Hieracium islandicum</i>		X			X	
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>					X	
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>					X	X
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>	X					
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>					X	X
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	X	X	X	X	X	
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>		X	X	X	X	X
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>						X
Lindasef	<i>Juncus ranarius</i>		X				
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>					X	X
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>						X
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>	X	X	X	X		
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>		X				
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>					X	X
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	X	X			X	
Lækjafræhyrna	<i>Cerastium cerastoides</i>					X	X
Maríulykill	<i>Primula stricta</i>		X				
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>	X			X	X	
Maríuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>					X	
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>						X
Melanóra	<i>Minuartia rubella</i>						X
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>					X	X
Móanóra	<i>Minuartia stricta</i>		X				
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>		X			X	X
Móastör	<i>Carex rupestris</i>					X	
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>		X			X	X
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>		X				
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustre</i>	X	X			X	
Mýrasef	<i>Juncus alpinoarticulatus</i>		X				
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>	X				X	
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	X					
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>	X	X				
Mýrfjóra	<i>Viola palustis</i>	X					
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>		X				
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>					X	
Skarífífill	<i>Leontodon autumnalis</i>	X	X	X	X	X	X
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>		X				X

Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>				X		
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia cespitosa</i>	X	X	X			
Skriðdepla	<i>Veronica scutellata</i>			X			
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>		X			X	
Skriðnablóm	<i>Arabia alpina</i>				X		
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>				X		
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>					X	
Steindepla	<i>Veronica fruticans</i>			X		X	
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	X	X	X	X		
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>		X		X	X	
Tígulffíll	<i>Hieracium anglicum</i>	X					
Tjarnarstör	<i>Carex rostrata</i>	X					
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>		X	X	X	X	
Túnffíll	<i>Taraxacum spp.</i>			X	X		
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>			X	X		
Túnvingull	<i>Festuca rubra ssp. Arcticus</i>	X	X	X	X	X	
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>		X			X	
Undafíll	<i>Hieracium spp.</i>				X		
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>	X	X	X	X		
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>			X	X	X	
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	X		X	X		
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>			X		X	
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>		X		X	X	
Villilín	<i>Linum catharticum</i>			X			
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>		X		X		
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>	X					
Þráðsef	<i>Juncus filiformis</i>	X					
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>		X	X	X	X	
		Samtals:	43	69	45	64	44

Heildarfjöldi tegunda: 123

Tegundum er raðað í stafrófsröð íslenskra heita. Með íslenskar og latneskar nafngiftir er farið eftir Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986). Við plöntugreiningu á ættkvísl túnfílla er stuðst við fjölrít náttúrufræðistofnunar, Íslenskir undafíllar (III) (Bergþór Jóhannsson 1989).

Tafla 2. Listi yfir plöntur skráðar á svæðinu við Gása

Skýringar á dálkum: 1 Reski meðfram svæðismörkum 2 Mólendi ofan fjöru. 3 Tún.

Íslensk heiti	Latnesk heiti	1	2	3
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	x	x	
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	x	x	
Baldursbrá	<i>Matricaria maritima</i>	x		
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	x	x	
Birki	<i>Betula pubescens</i>	x		
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	x	x	
Blóðarfi	<i>Polygonum aviculare</i>	x	x	x
Blóðberg	<i>Thymus praecox ssp. Arcticus</i>	x	x	
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	x		x
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	x	x	
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>	x		
Engjavöndur	<i>Gentianella detonsa</i>	x	x	
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>	x		x
Fjalldalaffill	<i>Geum rivale</i>		x	
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	x	x	
Fjóruarfi	<i>Honckenya peploides</i>		x	
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	x		
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	x	x	
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>		x	x
Grávorbóm	<i>Draba incana</i>	x	x	
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	x	x	
Gullvöndur	<i>Gentianella aurea</i>		x	
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>	x		
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>	x		x
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>	x		x
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>	x		x
Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>	x	x	x
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>	x		
Hávingull	<i>Festuca pratensis</i>	x		
Hjartaarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>	x		x
Hlaðkolla	<i>Chamomilla suaveolens</i>	x		
Hnúskakrækili	<i>Sagina nodosa</i>		x	
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>		x	
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>	x		
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>	x		
Hrossanál	<i>Juncus arcticus ssp. Intermedius</i>		x	
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>	x	x	
Húsapuntur	<i>Elymus repens</i>	x		
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	x	x	
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>	x	x	x
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	x		
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>		x	
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>		x	
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	x	x	

Klófffa	<i>Eriophorum angustifolium</i>	X		
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	X	X	
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	X	X	
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>	X		
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>		X	X
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>	X	X	
Lófótur	<i>Hippuris vulgaris</i>	X		
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	X		
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>	X	X	X
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>	X	X	
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	X		
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>		X	
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>	X	X	
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustre</i>	X		
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>	X		
Mýrsóley	<i>Parnassia palustre</i>	X	X	
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	X		
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>	X		
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>	X		
Njóli	<i>Rumex longifolius</i>	X	X	X
Rauðvingull	<i>Festuca rubra</i>		X	X
Skammkrækkill	<i>Sagina procumbens</i>	X		
Skariffill	<i>Leontodon autumnalis</i>	X	X	X
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>	X	X	X
Stjörnuarfi	<i>Stellaria crassifolia</i>	X		
Sýki gras	<i>Tofeldia pusilla</i>	X		
Trefjasóley	<i>Ranunculus hyperboreus</i>	X		
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>	X	X	
Túnfífill	<i>Taraxacum sp.</i>	X		X
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	X	X	X
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>	X	X	X
Týsfjóra	<i>Viola canina</i>	X		
Undaffill	<i>Hieracium sp.</i>	X	X	
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>	X		X
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	X		X
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>	X		
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>	X	X	X
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	X	X	
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>	X		X
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	X	X	X
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>	X	X	
Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>		X	
	Samtals:	73	49	24

Heildarfjöldi tegunda: 86

Tegundum er raðað í stafrófsröð íslenskra heita. Með íslenskar og latneskar nafngiftir er farið eftir Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986). Við plöntugreiningu á ættkvísl túnfífla er stuðst við fjölrít náttúrufræðistofnunar Íslands, Íslenskir undafíflar (III) (Bergþór Jóhannsson 1989).